



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2005

Tilvísun: UST20050200172/sf

Norðausturvegur um Hólaheiði. Mat á umhverfisáhrifum.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hólaheiði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

Framkvæmdabelti

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd muni á löngum köflum liggja um einsleitt svæði og því hafi við matsvinnuna verið ákveðið að fjalla um mögulegt framkvæmdabelti í stað stakra veglína. Markmiðið með þessari nálgun er að skapa ákveðið svigrúm fyrir endanlegt val á veglínu um leið og tekið er fullt tillit til vegamikilla umhverfispáttá. Í matsskýrslu kemur einnig fram að framkvæmdaraðili telur, þrátt fyrir að leggja fram framkvæmdabelti, að hönnun vegarins innan beltisins sé nokkuð langt komin og þar af leiðandi líklegt að aðeins verði um óverulegar breytingar á veglínu frá því sem lagt er fram í matsskýrslu.

Að mati Umhverfisstofnunar er ástæða til að breyta legu veglína á nokkrum stöðum frá því sem sýnt er á teikningum í matsskýrslu, sbr. ábendingar í einstökum köflum hér að neðan. Miðað við framangreint ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að taka tillit til þeirra athugasemda.

Efnistaka

Samkvæmt matsskýrslu er heildarefnispörf vegna framkvæmdanna $1.688.000 \text{ m}^3$. Áætlað er að nýtanlegt hámarksmagn úr öllum námum sé samtals í kringum $1.750.000 \text{ m}^3$ en úr skilgreindum lykilnánum sem eru 22 talsins er mögulegt að taka samtals um $1.620.000 \text{ m}^3$. Fram kemur í matsskýrslu að námusvæði hafa verið afmörkuð nokkuð rúmlega og samanlegt magn efnis sem óskað er eftir að fá að taka úr hverri námu er meira en þarf til vegagerðarinnar. Í matsskýrslu segir að þessi háttur sé hafður á til að val á efnistöku verði sveigjanlegt en stærð námusvæða og efnistökmagn á hverjum stað er háð ýmsum óvissupáttum. Fjórar námur (K, M, S og Þ) eru í raun skeringar sem verða útvíkkaðar í námur. Gert er ráð fyrir 8 efnistökustöðum í Kerlingarhrauni sem eru allir skilgreindir sem

lykilnámur og mun hrauni á um 326.000 m² svæði verða raskað ef gert er ráð fyrir lágmarks vinnsludýpi. Vegagerðin telur að ekki sé hægt að komast hjá því að raska hrauni vegna efnisrýrðar á og í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Athugasemdir við einstakar námur

Náma B

Náman er áberandi frá vegi og efnistaka til þessa frekar lítil miðað við fyrirhugaða efnistöku Vegagerðarinnar. Umhverfisstofnun telur að áætlun um efnistöku á þessum stað ætti að fela í sér landmótun þannig að ásýnd svæðisins batni. Nýting á frákasti til mölunar ætti að minnka það efni sem ráðgert er að yta að stáli. Ásýnd svæðisins yrði að öllum líkindum betri ef dregið yrði úr haugsetningu frákastsefnis eins og kostur er.

Náma D og aðrar hraunnámur

Vinnsla sem felur í sér að einungis skuli nýta gjallkarga eða þann hluta hraunsins sem auðveldast er að vinna er að mati Umhverfisstofnunar óásættanleg vinnsla. Slík vinnsla leiðir af sér hámarks rask í hrauni, eins og sjá má víða t.d. í Kapelluhrauni við Krýsuvíkurveg. Umhverfisstofnun telur því að gera verði athugasemdir við fyrirhugaða efnisvinnslu í Kerlingarhrauni eins og henni er lýst í matsskýrslu.

Í námu D er áætlað vinnsludýpi 2-4 m, en þykkt hraunsins á þessu svæði er 6-7 m. Vinnsludýpi virðist ekki taka mið af landhæð utan hraunkantsins og því er ekki ljóst hvernig fyrirhugað er að aðlaga námubotn að landi utan við hraunið. Umhverfisstofnun bendir á að við Kúðafljót er lítil náma í hraunkant þar sem námubotn fylgir að mestu leyti landhæðum í farvegi vestan námunnar. Stálhæð þeirrar námu, auk þess hversu grunnt hún er unnin inn í hraunkantinn, gera þá námu lítt áberandi þrátt fyrir nálægð við þjóðveg 1.

Í matsskýrslu þar sem talað er um að að efnistaka feli í sér að hraunkantur sé færður innar í hraun ætti „nýr“ hraunkantur að taka mið af útlínunum þess kants sem unnið var frá og útlínunum óraskaðs hrauns umhverfis. Þessa virðist ekki gætt þegar hugað var að útlínun námu G og útlínunum hrauns umhverfis námusvæðið.

Náma X virðist ekki unnin frá hraunkanti eins og segir í texta, heldur staðsett í miðri hrauntungu. Lögun námunnar virðist vera í litlu samræmi við útlínur lands umhverfis námuna og vinnsludýpi miðast einvörðungu við auðvinnanlegasta hluta hraunsins.

Náma A er í hrauni og gervigígum í vestasta hluta Kerlingarhrauns. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur bent á að gervigígarnir setji mikinn svip á landslagið á svæðinu og telur þá hafa verndargildi. Af náttúruverndarsjónarmiðum mælir stofnunin ekki með efnistöku úr gervigíggunum (sjá skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá júní 2003 sem er fylgiskjal með matsskýrslu). Í matsskýrslu segir m.a. að við hönnun vegarins og val á efnistökusvæðum þurfi að gæta þess að hlífa gervigíggunum í landi Presthóla. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að opin náma í Presthólahrauni verði stækkuð og þar teknir allt að 80.000 m³ af efni. Í matsskýrslu er bent á að náma A sé opin og ófrágengin og hyggst framkvæmdaraðili ganga frá henni að nýtingu lokinni. Einnig að framkvæmdaraðili telji ákjósanlegra að nýta efni úr opinni námu en að opna nýjan efnistökuastað.

Umhverfisstofnun tekur ekki undir framangreint álit framkvæmdaraðila. Þrátt fyrir að gervigíggunum hafi að hluta til verið raskað með efnistöku réttlæti það ekki frekari efnistöku á

svæðinu. Með hliðsjón af verndargildi gervíganna, sbr. álit Náttúrufræðistofnunar Íslands, telur Umhverfisstofnun ekki ásætlanlegt að raska þessum jarðmyndunum frekar en orðið og leggst fyrir sitt leyti gegn frekari efnistöku úr þeim.

Náma Z er í að hluta til í Kerlingarhrauni og að hluta til í hálfgrónu jökulruðningsholti. Við suðurenda námunnar er smá tjörn. Náman er innan fjarsvæðis vatnsbóls Raufarhafnar. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um vegagerð um verndarsvæði vatnsbóls Raufarhafnar kemur fram að alls ekki ætti að leyfa efnistöku á vatnsverndarsvæðinu í hrauninu, hvorki á grannsvæði né fjarsvæði. Hins vegar ætti að vera óhætt að grafa burtu jökulruðning utan í grágrýtisholtunum á fjarsvæðinu ef vel er gengið um og aðgæslu gætt í meðferð spilliefna, eins og t.d. olíu.

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun að leggjast beri gegn efnisvinnslu í Kerlingarhrauni innan vatnsverndarsvæðis fyrir vatnsból Raufarhafnar og endurskilgreina námusvæðið þannig að eingöngu sé gert ráð fyrir efnistöku í jökulruðningnum, ef vegur verður lagður um Kerlingarhraun. Auk þessa bendir stofnunin á að lögun námunnar virðist vera í litlu samræmi við útlínur lands umhverfis námuna. Ekki verður séð að hraunbrúnninn sem slík verði færð aftar heldur mynduð geil inn í hraunkantinn og efnistaka miðast eingöngu við auðvinnanlegasta hluta hraunsins.

Frágangur hraunnáma samkvæmt matsskýrslu virðist fyrst og fremst miðast við að fela námurnar og staðsetja þær þannig að innsýn til námusvæðanna verði takmörkuð. Vinnsla sem er eingöngu bundin við ýtanlega hluta hraunsins felur í sér hámarks rask í hrauni. Ljóst má vera að á Hólaheiði er ekki útlit fyrir framkvæmdir í náinni framtíð þegar fyrirhuguð vegagerð er undanskilin. Því telur Umhverfisstofnun að sú skylda hvíli á framkvæmdaraðila að standa þannig að efnistöku og frágangi á þessu svæði að dregið verði sem mest úr áhrifum efnistökkunnar á umhverfið.

Umhverfisstofnun telur að efnistaka eins og henni er lýst í matsskýrslu muni hafa umtalsverð áhrif á jarðmyndanir sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd nema að staðið verði að vinnslunni með öðrum hætti en fyrirhugað er, sbr. framangreindar athugasemdir.

Umhverfisstofnun minnir á að leggja verður fram efnistökuáætlun, sbr. 48. gr. laga um náttúruvernd, áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Landslag

Ljóst er að fyrirhuguð vegagerð mun hafa í för með sér töluverðar ásynðarbreytingar enda mun vegurinn liggja um landsvæði sem að miklu leyti er lítt snortið eða ósnortið. Mest áberandi verður vegurinn þar sem hann er byggður á miklum fyllingum s.s. á þeim kafla sem hann mun liggja um í Hófaskarði. Eins og fram kemur í matsskýrslu hefur Náttúrufræðistofnun Íslands bent á það við umfjöllun um gróður að nýr vegur komi til með að opna fyrir umferð inn á svæði sem hingað til hefur verið óspillt og mjög fáfarið. Áhrif framkvæmda á landslag verða því töluverð. Umhverfisstofnun tekur ekki undir þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa lítil áhrif á landslagsheildir og helstu einkenni þeirra, óháð endanlegu leiðarvali, enda muni framkvæmdin hafa í för með sér verulegt rask á ósnortnu víðerni og nútímahrauni.

Ósnortið víðerni

Fyrirhugaður vegur mun breyta ásynð þess lands sem hann mun liggja um enda er landið að miklu leyti ósnortið og telst til ósnortins víðernis í skilningi laga nr. 44/1999 um

náttúruvernd, sbr. skilgreiningu í 3. gr. laganna. Viðernið sem verður fyrir skerðingu teygir sig frá nyrsta hluta Melrakkaslétts til suðurs að núverandi vegi yfir Öxarfjarðarheiði. Samkvæmt matsskýrslu er áætlað að framkvæmdin, þ.e. 1. og 3. áfangi hennar, muni skerða ósnortið viðerni samanlagt um 180 km². Í matsskýrslu segir einnig:

„Framkvæmdaraðili vill benda á að með tilkomu nýs vegar um Hólaheiði mun núverandi vegi um Öxarfjarðarheiði ekki verða við haldið. Vegurinn mun því frekar flokkast undir að vera slóði en fjallvegur. Það má því færa rök fyrir því að á þann hátt endurheimtist ósnortin viðerni á Öxarfjarðarheiði í skilningi laga um náttúruvernd.“

Umhverfisstofnun telur að engin trygging sé fyrir því að núverandi vegur verði ekki nýttur eftir lagningu nýja vegarins. Ekki er ólíklegt að upp komi kröfur um að vegurinn verði nýttur sem sumarvegur/ferðamannavegur, sbr. umfjöllun í kafla 22 í matsskýrslu, *Samráð og kynning*. Þá má benda á að í úrskurði umhverfisráðherra dags. 30. desember 1999 um mat á umhverfisáhrifum vegar nr. 56 um Vatnaheiði er m.a. sett það skilyrði að verði lagning nýs vegar um Vatnaheiði valin skuli afmá núverandi veg um Kerlingarskarð, þar með talið brýr og ræsi, innan tveggja ára frá því að vegur um Vatnaheiði verði tekinn í notkun. Þrátt fyrir þetta hefur vegurinn um Kerlingarskarð ekki verið fjarlægður, en vegurinn um Vatnaheiði var opnaður formlega í nóvember 2002. Því telur Umhverfisstofnun að líta verði á skerðingu viðernis vegna framkvæmdarinnar sem varanlega skerðingu og meta umhverfisáhrif vegarins með hliðsjón af því.

Jarðmyndanir og vistkerfi sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd

Norðausturvegur um Hólaheiði verður að miklu leyti byggður upp á nútímahrauni (Kerlingarhrauni) sem er jarðmyndun sem njóta skal sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Framkvæmdabelti 1. áfanga liggur á um 13 km kafla um Kerlingarhraun en lengd þess áfanga er alls um 26,8 km eða 28,1 km háð vali á veglínu. Framkvæmdabelti 3. áfanga liggur að mestu leyti á Kerlingarhrauni en lengd þess áfanga er um 15 km. Auk rasks sem verður í hrauninu í vegstæðinu sjálfu mun fyrirhugað efnistaka raska alls um 27,5 ha af hrauni. Þá mun fyrirhugað efnistaka raska gervigígum í landi Presthóla en gervigígar skulu njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun að fyrirhugað vegagerð muni hafa veruleg og óafturkræf áhrif á jarðmyndanir sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Slóðar liggja nú þegar um hraunið og því ekki með öllu um óraskað hraun að ræða en hins vegar verða áhrif þess vegar sem fyrirhugað er að leggja miklu mun meiri en þeirra slóða sem eru fyrir í hrauninu, sbr. þær kröfur sem gerðar eru til vega af þessum vegflokki, s.s. breidd vegar, öryggissvæði o.fl.

Eins og fram kemur í umfjöllun um efnistöku í kaflanum hér að framan telur Umhverfisstofnun að ekki beri að fallast á frekari efnistöku úr gervigígum í landi Presthóla vegna verndargildis þeirra. Jafnframt telur Umhverfisstofnun ekki ásættanlegt hvernig fyrirhugað er að standa að efnisvinnslu í Kerlingarhrauni, sbr. athugasemdir hér að framan. Umhverfisstofnun bendir enn fremur á að draga má enn frekar úr áhrifum framkvæmda á jarðmyndanir sem njóta eiga sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd með því að endurbyggja núverandi veg til Raufarhafnar í stað þess að ráðast í lagningu svokallaðs 3. áfanga skv. matsskýrslu, þ.e. nýja tengingu frá Norðausturvegi um Hólaheiði til Raufarhafnar. Sá áfangi liggur að langmestu leyti ofan á hrauninu. Auk þess liggur vegurinn um vatnsverndarsvæði og nærri Ormarsá og því má með þessu einnig draga úr áhrifum á vatnafar, sbr. ábendingar hér að neðan. Við það er jafnframt dregið úr þeirri skerðingu sem verður á ósnortnu viðerni vegna framkvæmdanna.

Í matsskýrslu kemur fram að landeigendur Brekku óttast að framkvæmdir við fyrirhugaðan veg og umferð um hann geti valdið hruni Smalaskálar, þ.e. hól sem

Náttúrufræðistofnun Íslands telur sennilega rétt að flokka sem gervigíg (sjá skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um lindir og veglínur við Klapparós sem er fylgiskjal með matsskýrslu). Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur Smalaskál mikið verndargildi sem sérstætt og sjaldgæft náttúrufyrirbrigði, jafnvel á landsmælikvarða. Smalaskál telst jafnframt til fornminja, sbr. umfjöllun í matsskýrslu. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands virðist full ástæða til að óttast að titringur frá vegaframkvæmdum eða umferð geti orsakað skemmdir eða eyðilagt skútann, sérstaklega ef veglína 140 verður fyrir valinu sem framtíðarvegstæði. Minni líkur eru á skemmdum ef veglína 141 verður fyrir valinu þar sem hún liggur lengra frá skútanum og liggur á lausum jarðlögum. Vegna náttúruverndar- og minjagildis Smalaskálar telur Umhverfisstofnun að velja beri þá veglínu sem síst veldur skemmdum eða eyðileggingu á henni og því beri að velja leið 141. Ekki sé hægt að fallast á leið 140 vegna hættu á skemmdum, eða jafnvel eyðileggingu, á Smalaskál.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Skilgreint framkvæmdabelti, háð veglínunum, liggur að vötnum og tjörnum sem falla þar undir, þ.e. Álftatjörn, Krossavíkurselsvatn, Urriðatjörn og Stóra- og Litla- Viðarvatn auk tjarna sunnan við Hólssel og við námu Z. Óháð veglínunum mun nýr vegur þó ávallt liggja í grennd við Álftatjörn og Krossavíkurselsvatn. Í matsskýrslu segir að engin af framangreindum vatnagerðum muni verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni en aðgengi að þeim mun breytast. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt teikningu 3 (2/8) í matsskýrslu mun vegfylling á veglínu 150 ná út í nyrsta hluta Álftatjarnar og þar með skerða tjörnina þó sú skerðing sé ekki umtalsverð. Að mati Umhverfisstofnunar er ástæðulaust að leggja veg um svæðið þannig að vegfyllingar nái út í vötn eða tjarnir á svæðinu eða þannig að fyllingar teygji sig að vatnsborðinu. Þar sem veglína 140 liggur fjær Álftatjörn er ljóst að sú veglína er betri kostur m.t.t. áhrifa á tjörnina.

Í matsskýrslu eru lagðar fram tvær veglínur um Fremri-Háls, þ.e. meðfram austurströnd Stóra-Viðarvatns (leið 210) og meðfram Litla-Viðarvatni (leið 220). Umhverfisstofnun tekur undir það mat framkvæmdaraðila að leið 220 sé betri kostur en leið 210 út frá áhrifum á landslag þar sem hann mun liggja nær núverandi vegi og veldur því minni ásýndarbreytingum.

Fyrirhugaður vegur mun raska mýrum og flóum, 3 ha að stærð eða stærri, en það eru vistkerfi sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt matsskýrslu verður heildarrask á votlendi vegna framkvæmdanna töluvert, sbr. umfjöllun um gróður hér að neðan, en hversu mikið votlendi raskast er háð vali á veglínunum. Fyrirhugað er að endurheimta votlendi í stað þess sem raskast.

Mótvægisaðgerðir

Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili telur að ákveðnar aðgerðir í undirbúningi og hönnun fyrirhugaðra framkvæmda geti orðið til þess að draga úr raski á hrauninu og áhrifum framkvæmda á landslag, þ.e. draga eins og kostur er úr skeringum í hraunið þar sem vegurinn fer upp hraunbrúnir og forðast almennt skeringar í hraunið vegna veglagningarinnar. Bent er á að með þessum aðgerðum sé fallið frá þeirri venju að byggja veg þar sem massajafnvægi er náð á milli fyllinga og skeringa. Umhverfisstofnun bendir á að þrátt fyrir að forðast eigi skeringar í hraunið mun stóru svæði utan við vegstæðið sjálft verða raskað þar sem gert er ráð fyrir um 6 m breiðu öryggissvæði til hvorrar handar út frá fláafæti meðfram veginum, sbr. kafla 7.15 í matsskýrslu. Með öryggissvæði er átt við „*tiltölulega slétt svæði þar sem hvorki verða stórir steinar og nibbur né skorningar sem geta valdið hættu við útafakstur*“. Í

matsskýrslu segir jafnframt: „Aðgerða er þörf á öryggissvæðum þar sem land er ójafnt eða með miklu af gjótum og holum sem geta reynst varhugaverðar við útafakstur. Ef grípa þarf til aðgerða innan öryggissvæða verður þess gætt að þær hafi sem minnst rask í för með sér, t.d. með því að fylla í gjótur og brjóta niður hraunnibbur sem standa upp úr. Á þann hátt verður verulega dregið úr raski á hrauni.”

Umhverfisstofnun telur það ekki draga mikið úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar ef gert er ráð fyrir 6 m breiðu öryggissvæði í hrauninu þar sem grípa verður til aðgerða að slétta úr „ójöfnum” í hrauninu. Slíkar aðgerðir munu hafa neikvæð og óafturkræf áhrif í för með sér. Ekki er heldur ljóst af framangreindri umfjöllun hversu mikið svæði raskast vegna aðgerða á öryggissvæði né hvort búast má við að aðgerða verði ekki þörf einhvers staðar innan framkvæmdasvæðisins. Umhverfisstofnun telur að nánari útfærslu á mótvægisáðgerðum þurfi til að unnt sé að meta hvort og hversu mikið þær dragi úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar.

Gróður

Samkvæmt úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands er gróður á framkvæmdasvæðinu víða nokkuð einsleitur og er þar ekki að finna nein sjaldgæf gróðurfélög. Mestur er breytileiki í djúpum lægðum og lautum þar sem er að finna snjóðældagróður og í votlendi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur bent á að æskilegt væri að hlífa sem mest þeim svæðum með því að beina veglínunum frá þeim eins og kostur er. Þrátt fyrir að ekki hafi fundist nein sjaldgæf gróðurfélög ber að líta til þess að fyrirhugað framkvæmdasvæði er víða vel gróið og hefur til þessa verið tiltölulega lítið raskað. Í matsskýrslu kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur bent á að með fyrirhugaðri framkvæmd er verið að rjúfa samfellda gróðurþekju.

Engar plöntur á válista fundust í úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands á gróðri en þar fundust nokkrar plöntur sem taldar eru það sjaldgæfar að ástæða er til að gefa þeim sérstakan gaum þó þær séu í flestum tilfellum ekki á válista né friðaðar. Fundarstaðir tveggja þessara tegunda eru innan áhrifasvæðis þeirra veglína sem lagðar eru fram til úrskurðar. Leið 150 liggur þvert yfir línstararflöt við stöð 4.450. Ef sá valkostur verður valinn væri að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands æskilegt að færa hann til hliðar þar sem farið er yfir kvosina með línstörinni. Hætta er á raski á álftalauk á bæði veglínunum 140 og 150 við stöð 23.020. Samkvæmt teikningu 6 4/4 í matsskýrslu sem sýnir fundarstað álftalauks virðist sem það sé fyrst og fremst afmarkað námusvæði sem veldur hættu á röskun búsvæðis tegundarinnar. Umhverfisstofnun telur að afmarka eigi námusvæðið þannig að það raski ekki búsvæði álftalauks. Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili mælir frekar með leið 140 sem liggur ekki um línstararflöt. Umhverfisstofnun tekur undir það álit framkvæmdaraðila. Stofnunin telur að tryggja beri að búsvæði línstarar verði ekki raskað og að ef leið 150 verður fyrir valinu eigi að færa veglínu þannig að búsvæðið raskist ekki.

Allar þær veglínur sem lagðar eru fram til úrskurðar hafa í för með sér röskun á votlendi. Votlendi er talið hafa almennt verndargildi enda hafa stjórnvöld markað þá stefnu að forðast beri að skerða frekar votlendi eins og kostur er og vinna að endurheimt votlendis þar sem slíkt er talið mögulegt, sbr. stefnumörkun íslenskra stjórnsvalda í sjálfbærri þróun (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stofnumörkun til 2020). Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Heildarröskun á votlendi vegna vegagerðar verður um 6,5 – 17,3 ha, háð vali á veglínunum. Áhrifasvæði leiðar 140 í votlendi er mest eða um 7,8 ha. Stór hluti þess eða 5,7 ha lendir undir bráðabirgðatengingu við Norðausturveg. Með tilliti til áhrifa á votlendi er leið 140 því síðri kostur en leið 150.

Leið 140 hefur það hins vegar fram yfir leið 150 að rúmlega helmingur bráðabirgðatengingar við Norðausturveg nýtist sem hluti af framtíðarvegi. Sá hluti vegarins liggur þó ekki um votlendi. Framkvæmdaraðili mun endurheimta votlendi í stað þess sem raskast við framkvæmdina og kemur fram að verið er að undirbúa endurheimt votlendis við Sand í Aðaldal. Umhverfisstofnun bendir á að æskilegast hefði verið að tengja nýjan veg um Hólaheiði við Norðausturveg strax með þeirri leið sem gert er ráð fyrir í framtíðinni, enda mætti með því draga verulega úr áhrifum framkvæmda á votlendi.

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá júní 2003 kemur fram að brekkurnar fyrir sunnan Hófaskarð séu allvel grónar neðan til, ríkar af blágresi, en grýttari og lítt grónar ofar. Þar er sums staðar að finna móa með fjalldrapa og einnig er þar vottur af jarðlægni birkikræðu, mest skógviðarbróður en einnig hreint birki. Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að út frá gróðri færi best á að leita eftir vegstæði neðan við brekkurnar þar sem móleitið er einsleitara eða þá að skera hlíðina ofarlega, en hætt er við að erfitt sé að verja gróðurinn fyrir hruni með því móti. Veglína 140 sem liggur um brekkurnar sunnan Hófaskarðs fer um efsta hluta gróðurlendisins og kallar á miklar skeringar á fyllingar í brekkunum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framkvæmdasvæðið þar verði takmarkað eins og kostur er og að gripið verði til ráðstafana til að gróðurlendið neðan við framkvæmdasvæðið raskist ekki við framkvæmdirnar.

Mótvægisáðgerðir vegna gróðurs

Í umfjöllun um mótvægisáðgerðir vegna áhrifa á gróður segir m.a. í matsskýrslu að fljótandi vegur verði á öllum stöðum þar sem vegur er byggður yfir votlendi.

Umhverfisstofnun bendir á að mótvægisáðgerðir felast í aðgerðum sem ekki eru nauðsynlegur hluti framkvæmdar en gripið er til á hönnunartíma, framkvæmdatíma eða að loknum framkvæmdum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif sem framkvæmd kann að hafa í för með sér, sbr. skilgreiningu í riti Skipulagsstofnunar *Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda*. Þar sem verklag við lagningu „fljótandi vegar“ er ekki frábrugðið frá því sem tíðkast hefur við vegagerð yfir votlendi hlýtur lagning „fljótandi vegar“ að teljast til hefðbundinna vinnubragða í vegagerð og getur þar með ekki talist mótvægisáðgerð.

Í matsskýrslu segir m.a. að til þess að vernda sjaldgæfar tegundir á framkvæmdatíma hafi framkvæmdaraðili látið afmarka vaxtarsvæði línstarar vestan við Álftatjörn og álftalauks austan við Krossavíkurselsvatn (sjá teikningu 6.3 og 6.4). Umhverfisstofnun bendir á að ekki er ljóst af þeirri umfjöllun hvort búið er að afmarka vaxtarsvæði þessara tegunda á vettvangi eða hvort gert hafi verið sérstakt kort er sýnir afmörkun þeirra. Stofnunin bendir á að nauðsynlegt verður að afmarka vaxtarsvæði tegundanna á vettvangi áður en framkvæmdir hefjast og fylgja því eftir að því verði ekki raskað.

Fuglalíf

Samkvæmt úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands er varpþéttleiki mófugla á áhrifasvæði vegar um Hólaheiði undir meðallagi miðað við mólendi á Íslandi. Tegundirnar eru hins vegar margar sem helgast af því að veglínan liggur m.a. um votlendi. Ríkjandi tegundir eru heiðlóa og þúfutittlingur, en þær tegundir mófugla sem verða fyrir áhrifum af lagningu vegarins eru allt mófuglategundir sem eru algengar á héraðs- og landsvísu. Samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands (Norðausturvegur um Melrakkaslétu – Náttúrufarskönnun vegna vegagerðar, júní 2003) voru sjö tegundir fugla á valista (tegundir í yfirvofandi hættu) varpfuglar á áhrifasvæði fyrirhugaðs vegar um Melrakkaslétu árið 2002, þ.e. himbrimi,

flórigoði, grágæs, fálki, svartbakur, brandugla og hrafn. Ólíklegt er talið að vegurinn muni hafa nokkur áhrif sem máli skipta á þrjár þessara tegunda, þ.e. flórigoða, grágæs og branduglu, en miklar líkur eru á að hinar tegundirnar fjórar verði fyrir nokkrum eða verulegum áhrifum. Áhrifin verða væntanlega fyrst og fremst vegna truflunar, fyrst við framkvæmdirnar sjálfar og síðan vegna umferðar. Vegurinn mun hafa veruleg áhrif á tvö fálkaóðul, hrafnsóðal, a.m.k. eitt himbrimaóðal og a.m.k. eitt svartbaksvarp. Líkleg áhrif verða að fálka-, hrafn- og himbrimaóðulin verði notuð sjaldnar en áður eða fari í eyði og svartbakavarpíð mun leggjast af.

Í matsskýrslu kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að ráðist verði í mótvægisáðgerðir vegna áhrifa framkvæmda á fálka og himbrima. Framkvæmdaraðili hefur hyggst þó ekki ráðast í sérstakar mótvægisáðgerðir vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmda á fugla.

Einstakar tegundir

Umhverfisstofnun telur miðað við fyrirbyggjandi gögn að vegaframkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif á mófugla og því ekki ástæða til að ráðast í áðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þá. Stofnunin telur hins vegar rétt að draga úr áhrifum framkvæmda á tegundir sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Fyrirhugaður vegur mun fara mjög nærri a.m.k. einum varpstað himbrima, þ.e. Krossavíkurselsvatn. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá júní 2003 kemur fram að varpstaður himbrimans er ekki þekktur. Þar sem ekki gaf að líta neina hólma í vatninu við vettvangsskoðun er hreiðrið að líkindum á vatnsbakkanum og þar með alls óvíst hvort varppar haldist við á þessu óðali.

Himbrimi er tegund sem er á valista og samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða tegundina í Evrópu og vernda búsvæði hennar. Himbrimi verpur hvergi að staðaldri í Evrópu nema á Íslandi og er ein þeirra fuglategunda sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á þegar litið er til Evrópulanda. Umhverfisstofnun telur því að tryggja beri að fyrirhuguð veglagning hafi ekki áhrif á himbrimavarpíð við Krossavíkurselsvatn. Það er mat stofnunarinnar að kanna eigi nánar hvar himbrimi verpur við vatnið og ef í ljós kemur að varp er við sunnan við vatnið, þ.e. þeim megin sem vegurinn liggur við það, beri að færa veginn fjær vatninu.

Vegurinn um Hólaheiði mun liggja í sjónlínu við þrjú fálkaóðul. Eitt þeirra er í nágrenni Katastaða og tvö í Fjallgarði, þar af annað í Hófaskarði. Tvö þessara óðala, þ.e. óðulin í nágrenni Katastaða og í Hófaskarði, koma til með að blasa við frá veginum. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá júní 2003 (Norðausturvegur um Melrakkaslétu – Náttúrufarskönnun vegna vegagerðar) kemur fram að truflun vegna framkvæmda og síðar vegna umferðar muni örugglega hafa neikvæð áhrif á bæði þessi fálkaóðul og verðfella þau í augum fálkanna, þannig að þau verða sjaldnar í ábúð. Þetta er talið sérstaklega bagalegt varðandi Hófaskarðsóðalið, þar sem það er setið í flestum árum og ungar komast þar oft á legg.

Fálkinn er alfriðaður hér á landi. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða fálkann í Evrópu og leggja áherslu á að vernda búsvæði hans. Þar sem Vegagerðin hyggst ekki grípa til mótvægisáðgerða vegna áhrifa framkvæmda á fálka telur Umhverfisstofnun rétt að athuga með færslu á veginum.

Svarbaksvarp er við Álfatjörn og telur Náttúrufræðistofnun Íslands nær fullvíst að vegur um Álfatjörn kippi endanlega fótunum undan svartbakavarpinu við tjörnina. Umhverfisstofnun telur ekkert því til fyrirstöðu að vegurinn verði færður fjær Álfatjörn.

Vatnafar

Fyrirhuguð veglína mun liggja austarlega á fjarsvæði og grannsvæði vatnsbóls Raufarhafnar en sveigja austur fyrir brunnsvæði þess. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands ætti vegagerð um vatnsverndarsvæði vatnsbóls Raufarhafnar ekki að spilla gæðum vatnsins ef rétt er staðið að framkvæmdum og vegurinn lagður sem austast á verndarsvæðinu, næst Ormarsá (sjá skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá desember 2002: Vegagerð um verndarsvæði vatnsbóls Raufarhafnar). Stofnunin telur að alls ekki ætti að leyfa efnistöku í hrauninu á vatnsverndarsvæðinu. Vatnsmikil lind kemur upp í þrengingum í hrauninu skammt austan við Öldutjörn og verður að gæta sérstakrar varúðar við lagningu vegarins til að menga ekki vatnið í lindinni, sbr. mynd 1 í fyrrgreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að vatnsverndarsvæðið náði áður mun lengra til suðurs eða allt suður fyrir veginn um Öxarfjarðarheiði. Í kjölfar framangreindrar skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem unnin var vegna fyrirhugaðrar vegagerðar um Melrakkaslétu (Hólaheiði) var mörkum vatnsverndarsvæðisins breytt þannig að mörk fjarsvæðis liggja miklu mun norðar en áður. Þrátt fyrir þá breytingu er gert ráð fyrir veglagningu um vatnsverndarsvæðið og mun fyrirhuguð veltenging frá Norðausturvegi að Raufarhöfn liggja þvert í gegnum fjarsvæði og grannsvæði vatnsbóls Raufarhafnar. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er leitt að því líkum að vatnið í vatnsbóli Raufarhafnar tengist kröftugum grunnvatnsstraumum að vatnsbólinu úr suðvestri frá innri hluta Melrakkaslétu og úr vestri frá Deildarvatni, frekar en grunnvatnsstraumi úr suðri sem upprunninn sé frá Ormarsá og Deildarstykki. Í skýrslunni kemur þó einnig fram að hugsanlega geti efnagreiningar á vatninu í vatnsbólinu varpað nánara ljósi á upprunann. Umhverfisstofnun telur ekki forsvaranlegt að vegur verði lagður þvert í gegnum vatnsverndarsvæðið, ekki síst með hliðsjón af því að nú þegar hefur verið dregið úr stærð svæðisins og einhver vafi leikur á uppruna vatnsins í vatnsbólinu sbr. umfjöllun í framangreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, ásamt síðari breytingum, kemur fram að við gerð starfsleyfis fyrir vatnsveitu eða við ákvörðun um framkvæmdir á vatnsverndarsvæði skal umsækjandi starfsleyfis leggja fram mat um hvort hætta sé á að vatnsbólið spillist vegna nálægrar starfsemi eða umferðar. Við matið skal, eftir því sem við á, taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, líklegum uppsprettum mengunar, mengunarálagi og mikilvægi vatnsbólsins. Umhverfisstofnun telur að ekki hafi verið sýnt fram á svo óyggjandi sé að fyrirhuguð vegaframkvæmd hafi ekki í för með sér hættu á mengun vatnsbólsins. Stofnunin bendir á að þrátt fyrir að gerðar yrðu efnagreiningar á vatni úr lind í hrauninu til að fylgjast með hvort fyrirhuguð vegagerð mengaði á einhvern hátt grunnvatnsstrauma eins og Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til kemur það ekki í veg fyrir mengun og því ekki fyrirbyggjandi aðgerð. Umhverfisstofnun bendir enn fremur á að samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, ásamt síðari breytingum, skal á grannsvæði banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti. Stofnunin bendir á þrátt fyrir að hægt verði að setja ströng skilyrði fyrir sjálfri veglagningu verður ekki hægt að tryggja vatnsvernd á svæðinu ef almennri umferð verður hleypt um vatnsverndarsvæðið. Umhverfisstofnun telur því að leggjast beri gegn fyrirhugaðri vegagerð í gegnum vatnsverndarsvæði fyrir vatnsból Raufarhafnar vegna mengunarhættu og að fremur eigi að endurbyggja núverandi veg austan

við Fjallgarðinn.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í matsskýrslu hvernig komi verði í veg fyrir áhrif framkvæmda á lind í hrauninu skammt austan við Öldutjörn en samkvæmt mynd 1 í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er lindin staðsett innan framkvæmdabeltisins.

Umhverfisstofnun telur ekki rétt að leyfa efnistöku í hrauninu innan vatnsverndarsvæðis vatnsbóls Raufarhafnar, sbr. athugasemdir við námu Z í umfjöllun um efnistöku hér að framan.

Í matsskýrslu kemur fram að landeigandi Brekku telur að fyrirhugaður vegur komi til með að liggja nálægt einu ferskvatnslindinni í landi Brekku. Að hans mati verði lindin ónothæf sem neysluvatnslind, þar sem vatnið muni sennilegast mengast vegna nálægðar við fyrirhugaða veglína 140 eða 141. Samkvæmt athugun sem Náttúrufræðistofnun Íslands gerði (sjá fylgiskjal með matsskýrslu) eru uppsprettusvæðin tvö. Afrennsli af fyrirhuguðum vegi mun eiga greiða leið að öðru þeirra, þ.e. uppsprettu í mýri milli núverandi þjóðveggar og rústasvæðis við Sel, og verður ekki hægt að koma í veg fyrir það. Vatnsmeira uppsprettusvæðið er austan við rústirnar og segir í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands að „*ekki virðist hætta á að afrennsli frá fyrirhuguðum vegi renni beint að svæðinu, nema á 10-20 m kafla og þá einungis á þann hátt að snjórúðningnum yrði rutt marga metra til suðurs út af veginum*”. Þar segir einnig: „*Flest bendir til að hæðin eða hóllinn sem hugsanlegur vegur mun liggja um, sé gerður úr þykkum bunka af lausum jarðlögum af svipuðum uppruna og önnur laus jarðlög sem víða finnast á þessum slóðum á vesturströnd Melrakkaslétta. Þykkt þeirra í hólnum ofan við lindina gæti verið a.m.k. 10 m þannig að góð siun ætti að verða á því vatni sem hugsanlega hripaði niður í jarðlögin og rynni um þau að lindinni.*”

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreint orðalag gefur til kynna að einhver óvissa ríki um aðstæður við lindina og hugsanleg áhrif framkvæmda á hana. Að mati stofnunarinnar þarf að tryggja vatnsgæði í lindinni sem er nýtt sem vatnsból fyrir sauðfé samkvæmt upplýsingum í matsskýrslu. Vatn sem uppfyllir gæðakröfur er auðlind sem bera að varðveita en benda má á að sums staðar á landinu eru vandkvæði á að finna vatn fyrir húsdýr sem uppfyllir kröfur um vatnsgæði. Stofnunin telur því rétt að sannreyna hvort aðstæður séu með þeim hætti sem talið er áður en að framkvæmdum kemur. Jafnframt þarf að ákvarða hvort grípa verður til einhverra aðgerða eða takmarkana til að koma í veg fyrir mengun.

Lagning vegar samkvæmt leið 150 skapar hættu á mengun vatnsmikilla linda við suðurbakka Klapparóss en þar getur vatn auðveldlega hripað niður í gjallkennt hraunið og um opnar gjár og sprungur í hrauninu. Veglína 150 er því ekki betri kostur hvað varðar áhrif á lindir en veglínur 140 og 141.

Á framkvæmdatíma verður nokkurt rask og gruggmyndun í ám vegna brúargerðar í Ormarsá og ræsagerðar í Hólsá og Víðinesá. Fram kemur í matsskýrslu að þær framkvæmdir muni fara fram utan veiðitímabils og í samráði við Veiðimálastjóra og veiðiréttshafa. Umhverfisstofnun telur því ekki líkur á að framkvæmdirnar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif á lífríki í ánum.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur líkur á að lagning Norðausturvegar um Hólaheiði muni hafa í för með sér umtalsverð áhrif á jarðmyndanir sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ef fylgt verður því verklagi sem lýst er í matsskýrslu. Að mati stofnunarinnar er ekki hægt að fallast á efnisvinnslu í Kerlingarhrauni eins og ráð er fyrir gert samkvæmt lýsingu í matsskýrslu. Stofnunin leggst gegn efnistöku í námum A og Z. Þá telur Umhverfisstofnun að hliðra beri til veglínunum til að draga úr áhrifum framkvæmda á gróður og tegundir fugla sem eru á valista.

Umhverfisstofnun telur að falla eigi frá því að leggja veg frá Norðausturvegi um Hólaheiði að Raufarhöfn, þ.e. svokallaðan 3. áfanga, þar sem hann liggi í gegnum vatnsverndarsvæði (grann- og fjarsvæði) og umferð um hann muni hafa í för með sér hættu á mengun vatnsbóls Raufarhafnar. Með því að falla frá lagningu vegarins verður auk þess dregið töluvert úr áhrifum framkvæmdarinnar á ósnortið víðerni, landslag og jarðmyndun sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.

Ef tekið verður tillit til allra framangreindra athugasemda Umhverfisstofnunar telur stofnunin að draga megi úr áhrifum fyrirhugaðrar vegagerðar þannig að hún valdi ekki umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun minnir á að leita verður umsagnar stofnunarinnar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Jafnframt þarf að leggja fram áætlun um efnistöku, sbr. 48. gr. sömu laga og leita umsagnar stofnunarinnar um hana þar sem ekki liggur fyrir staðfest aðalskipulag sem stofnunin hefur veitt umsögn um.

Virðingarfyllst,


Sigrún Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri
Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs